

Sýrland: Grís með varalit og viðsjárverðir Tyrkir

Í grein í «Vöggunni» (The Cradle, 13. des 2024)) birtist þrettánda þessa mánaðar grein um sviptingarnar í Sýrlandi með heitinu: „Abu Mohammad al-Julani: Putting lipstick on a pig.“ Þessi morðhundur, segja vestrænir fjölmiðlar, er nú skyndilega kyssilegur, orðinn voðalega «vók» og vil frelsa Sýrlendinga frá öllu illu. Meira að segja Íranar og Rússar láta sér vel lynda og kalla hann „stríðsmann.“

Þetta er ekki í fyrsta sinni sem fólk á ferð til Damaskus verður fyrir vitrunum og eldingum slær niður. Nú var það að vísu elding frá ísraelskum yfirvöldum, sem kalla sig Gyðinga. En eldingin, sem laust Sál á sínum tíma, var frá sjálfum Jesús Kristi.

Tyrknesk-rómverski Gyðingurinn, Sál, hafði gert harðar atlögur að söfnuði hans. En eldingin hafði tilætluð áhrif. Hókus, þókus! Sál umbreyttist í Pál postula. Upp frá því gaf hann Gyðingum langt nef eins og Abu Palestínunömmum, Kristmönnum og Shíatrúbræðrum nú. Það er svo sannarlega margt skrítið í kýrhausnum.

Hinn margreyndi blaðamaður, Eric Margolis, kallar Sýrland „Móður launspekinnar.“ Jafnvel Rómverjar botnuðu ekkert í samsærisflækjunum þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Og fátt virðist hafa breyst í því tilliti síðustu tvö þúsund árin, meira að segja endurfæðingar og umhverfingar.

„Vók-Abu“ ku nú aðhyllast öll dýrmætustu gildi Vesturlanda; lýðræði, mannréttindi, frelsi og kvenfrelsun. Það kynni jafnvel að renna upp fyrir honum, að eignlega sé hann íslensk kona úr Kjósinni með skuplu á höfði og strokk um háls. Færi svo lægi beinast við, að hann sneri sér til Landsspítalans með beðni um kynskiptaaðgerð.

En hvað sem kyni líður er Abu úr hópi þeirra öfgafullu Araba, sem Vesturlönd – sérstaklega Leyniþjónusta Bandaríkjanna – hafa beitt í yfirráðastríði sínu í Miðausturlöndum. Sumir hafa snúist gegn þeim, aðrir eru fjölmiðlatilbúningur meira eða minna. Sem dæmi má nefna Saddam Hussein og Osama bin Laden.

Bandarísk yfirvöld vilja telja okkur trú um, að Osama beri ábyrgð á sprengingu tvíburaturnanna í Nýju Jórvík 2001 (þó ekki morðinu á John F. Kennedy!), enda þótt aumingja Osama hafi staðfastlega andmælt þátttöku í því afreki.

Eins og fram hefur komið í fyrri pistlum velta fróðustu alþjóðaspekingar ákaft vöngum um leifturstríð Vesturlanda gegn Sýrlendingum, meðan ISIS liðar streyma úr fangelsum harðstjórans, Basher al-Assad, og ganga aftur til liðs við félagar úr sauðahús sínu.

Utanríkismálaráðherra Tyrklands hefur nú tilkynnt, að Tyrkjum hafi lánast að telja Rússa og Írana á að gefa Sýrland upp á bátinn og veita ekki viðspyrnu heilögum stríðsmönnum, þ.e. málaliðum, Tyrkja, Ísraels, Bandaríkjamanna, Úkraínumanna og yfirvalda í Katar.

Það virðist einnig hafa verið staðfest, að heilagir stríðsmenn í suðri hafi verið á launaskrá Ísraelsríkis – megi trúa uppljóstrunum úr herbúðum þeirra. Heilagir stríðsmenn í Idlib voru á góðum launum frá Tyrkjum. Bandaríkjamenn voru fjárhagslegir og hugmyndafræðilegir bakhjarlar.

Því er það, að vangaveltur um hernaðarsnilld Írana og Rússa, þ.e. að lokka fyrrgreindra í gildru, hafi fátta sér til ágætis. En enn er spurt; hvernig ber að skilja og hvert stefnir?

Norsarinn lærði og gjörhuguli, Glenn Diesen, telur, að víðtæk stríðsátök í Miðausturlöndum séu nær óhjákvæmileg.

Prófessor Mohammad Marandi í Teheran, bendir á, að nú hljóti Vestrið af breyta lögum og aflétta skerðingu lýðréttinda vegna „Stríðsins gegn hryðjuverkum.“ Hjörð hryðjuverkamanna er nú orðin „vók“ og skriðin opinberlega upp í hjá Nató og Ísrael.

Hver mun fjármagna hina nýju, „íslömsku vók-paradís“ afhausaranna, sem nú eru blóðugir upp að öxlum, meðan tortímendurnir tveir, Recep Tayyip Erdogan og Benjamin Netanyahu, dansa trylltan tangó, og bíða eftir hefndum Írana – eins og við.

En það er hætt við, að Josphe Biden stígi sporin varlega, því fútafúinn er karlkvölin orðin.

En Jósef hugsar sér engu að síður gott til glóðarinnar, næsta fórnarlamb bíður. Sagt með orðum Michael Arthur Leedin, úr röðum hugmyndafræðinga hans:

„Endrum og sinnum verða Bandaríkjamenn að læsa kló sinni í eitthvert skítlegt smáríki og grípa það heljartak [si, svona] til að ekki fari milli mála, að við látum hné fylgja kviði.“

En er það ekki undarlegt, að nú skuli Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir steinþegja um brot á alþjóðalögum gegn Sýrlandi og Líbanon. Ætli hún slíti stjórn málasambandi við Tyrki og Ísraels?

Örlög fanganna í búðum Bandaríkjamanna og Kúrda, Roy, Al-Hol og fleirum – af sumum kallaðar útrýmingarbúðir (concentration camp) – þar sem dúsa tugþúsundir

manna, þegar hins misheppnaða Íslamska ríkis, leita líka á hugann. Bara í Al-Hol er 50.000 manns haldið föngrum. Fjöldi barna er verulegur.

Vonandi bíða þeirra ekki sömu örlög og rúmlega milljón þýskra hermanna í fangabúðum Bandaríkjamanna 1945. Þeim var útrýmt með sverti, skorti á heilbrigðisþjónustu, kulda og vondum aðbúnaði að öðru leyti.

Þessi örlög bíða einnig þeirra íbúa Gaza, sem enn tóra í þessu stærsta utandyrafangelsi jarðar.

<https://biblian.is/biblian/postulasagan-8-kafli/>

https://steigan.no/2024/12/hva-var-arsakene-til-syrias-merkelige-sammenbrudd/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.urmedium.net/c/presstv/131967>

<https://spartakus.no/2024/12/13/medieovervakerne-s-2-e-8-al-qaida-tok-syria/>

https://alexkrainer.substack.com/p/syria-will-it-prove-to-be-the-empire?utm_source=podcast-email&publication_id=1063805&post_id=153121288&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email <https://www.mei.edu/publications/life-inside-syrias-al-hol-camp>

<https://www.urmedium.net/c/presstv/131967>

<https://spartakus.no/2024/12/13/medieovervakerne-s-2-e-8-al-qaida-tok-syria/>

<https://www.youtube.com/watch?v=JDhqPI9q1iY>

<https://www.theamericanconservative.com/are-al-qaeda-affiliates-fighting-alongside-u-s-rebels-in-syrias-south/>

<https://www.unz.com/emargolis/whats-going-on-in-syria/>

<https://www.youtube.com/watch?v=ETaREhzwIBI>

<https://www.globalresearch.ca/greater-israel-the-zionist-plan-for-the-middle-east/5324815>

https://glennadiesen.substack.com/p/a-major-war-in-the-middle-east-is?utm_source=post-email-

[title&publication_id=2670149&post_id=153155883&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://www.globalpolitics.se/turkiet-overtygade-ryssland-och-iran-att-inte-agera-i-syrien/?jetpack_skip_subscription_popup)

https://www.globalpolitics.se/turkiet-overtygade-ryssland-och-iran-att-inte-agera-i-syrien/?jetpack_skip_subscription_popup -

<https://www.kurdistan24.net/en/story/815185>

<https://www.youtube.com/watch?v=6dbOMAnnzmQ&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=3>

<https://www.globalresearch.ca/bibi-road-tehran-goes-damascus/5874212>

<https://www.globalresearch.ca/world-war-iii-about-start-has-already/5850305>

<https://www.globalresearch.ca/greater-israel-the-zionist-plan-for-the-middle-east/5324815>

<https://www.globalresearch.ca/assad-out-woke-al-qaeda/5874679>

<https://www.globalresearch.ca/syria-who-is-behind-the-protest-movement-fabricating-a-pretext-for-a-us-nato-humanitarian-intervention/24591>

<https://www.youtube.com/watch?v=1tLBPbEXScA>

<https://www.mei.edu/publications/life-inside-syrias-al-hol-camp>

https://corbette-report.substack.com/p/the-fall-of-syria-what-you-need-to?utm_source=post-email-

[title&publication_id=725827&post_id=153154612&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://corbette-report.substack.com/p/the-fall-of-syria-what-you-need-to?utm_source=post-email-title&publication_id=725827&post_id=153154612&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.newyorker.com/magazine/2024/03/18/the-open-air-prison-for-isis-supporters-and-victims>